




Sorpmál í Múlapingi

febrúar 2025



Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála

Yfirlit

- Útboð og röskun á sorphirðu
- Breytingar á sorphirðugjöldum og þjónustu
- Hækkun sorphirðugjalda og kostnaðarþróun
- Spurningar og svör





Útboð og röskun á sorphirðu


- Haust 2023:
 - Samningslok við Íslenska Gámafélagið (ÍGF).
 - Múlaþing ekki tilbúið með útboðsgögn, m.a. vegna laga- og starfsmannabreytinga.
 - Skammtímasamningur gerður við ÍGF, að hámarki til ársloka 2024.
 - Samningur kærður og hámarkstími samnings stytur.
 - Knappur tími fyrir umfangsmikið og tímafrekt útboð.



Útboð og röskun á þjónustu

- Vafaatriði varðandi ákveðin tilboð seinkuðu ákvarðanatöku.
- Ákvörðun um töku tilboðs lá fyrir einum og hálfum mánuði fyrir upphaf verks. Undirbúningstími verktaka knappur.
- Ákvörðun um töku tilboðs kærð sem olli sjálfkrafa samningsstöðvun. Óvissa fyrir sveitarfélög og verktaka.
- Skammtímasamningur gerður við Kubb í nóvember. Vandræði við sorphirðu hefjast.
- Samningsstöðvum aflétt í byrjun desember og samningar við Kubb skv. útboði undirritaðir. Unnið að því að koma sorphirðu í rétt horf.





Eftir undirritun samninga

- Sorphirða í nóvember fór úr skorðum m.a. vegna veðurs og knapps undirbúningstíma sem kom niður á tækjabúnaði og mannskap.
- Seinkun á sorphirðu var mest í dreifbýli á Héraði.
- Í desember ollu mannekla og bilanir í sorphirðubílum frekari vandræðum við að koma sorphirðu í rétt horf.
- Í janúar gekk sorphirða almennt frekar vel og var að mestu komin á áætlun fyrir lok mánaðar.
- Sorphirða í febrúar hefur einnig gengið fremur vel þrátt fyrir slæmt veður.



Losun matarleifa á söfnunarstöð á Egilsstöðum

- Í janúar var vakin athygli á losun matarleifa á söfnunarstöð á Egilsstöðum.
- Sami verkferill og áður nema hefur verið gert á Reyðarfirði.
- Neðra svæði söfnunarstöðvar er vinnusvæði verktaka þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur. Íbúar eiga aðeins að fara um efra svæði.
- Matarleifar eru losaðar á neðra planið og mokað í gám fyrir flutning til Moltu ehf. í Eyjafirði. Unnið að því að bæta verklag.
- Það er ekki óeðlilegt að sjá úrgang stöðum þar sem úrgangur er meðhöndlaður.



Eftirfylgni

- Sorphirða í sveitarfélaginu að mestu komin á áætlun.
- Bætt samskipti við og aukið eftirlit með verktaka nauðsynlegt til að fylgja verkefnum eftir og upplýsa íbúa ef frávik koma upp.
- Ökuriti í sorphirðubílum auðveldar eftirlit. Til skoðunar að gera íbúum kleift að fylgjast með sorphirðubílum á kortasjá.
- Mikilvægt að sveitarfélagið fái athugasemdir frá íbúum vegna sorpmála. Haldið er utan um þær og þeim fylgt eftir við verktaka.
- Fjölmargar ábendingar bárust í desember og janúar en vegna álags dróst að svara mörgum þeirra.



Breytingar í sorp málum 2025



- **Sveigjanleg sorphirðugjöld**
Íbúar geta haft áhrif á kostnað með vali um stærð og úrgangstegund íláta.
- **Fast gjald á íbúðarhús, fyrirtæki og stofnanir**
Meðal annars vegna reksturs grenndarstöðva og fyrir aðgengi að söfnunarstöðvum með gjaldfriðsán úrgang.
- **Sameiginleg ílát innan lóðar**
Fasteignir innan sömu lóðar, eins og sum par- og raðhús, geta sameinast um ílát og deilt kostnaði sín á milli eftir stærð fasteigna.
- **Heimajarðgerð**
Íbúar geta sótt um og þurfa að sýna fram á að jarðgerð fari fram.
- **Hefðbundnar greiðslur á söfnunarstöðvum**
Klippikort á söfnunarstöðvar verða afnumin og rafrænar greiðslur teknar upp.
- **Önnur gjöld**
Skrefa- og tröppugjald, umsýslugjald, útkeyrslugjald og tunnugjald.

Hvað breytist? - Breytileg sorphirðugjöld

- Áfram skylda að hafa ílát undir fjóra úrgangsflokka við hvert heimili: pappír, plast, matarleifar og blandaðan úrgang.
- Hægt verður að breyta stærðum sorpílata til að hafa áhrif á sorphirðugjöld t.d. fá minni tunnu undir blandaðan úrgang eða stækka ílát undir pappá eða plast.
- Þessi möguleiki verður innleiddur að vori 2025 og verður auglýstur sérstaklega.


Dæmi um útfærslu gjalda á heimili

Fast gjald
15.000 kr.



Hvað breytist? - Fast gjald

- Fast gjald er sett á öll heimili, fyrirtæki og stofnanir eftir a, b og c-flokkum fasteignagjalda.
- Gjaldinu er m.a. ætlað að standa undir rekstri grenndarstöðva og aðgengi að söfnunarstöðvum með gjaldfrjálsan úrgang.
- Fast gjald á heimili er 15.000 kr.
- Fast gjald fyrirtæki og stofnanir er 40.000 kr.



Hvað breytist? - Fjölbýli og sameiginleg ílát

- **Fjölbýli:** heildarkostnaður íláta deilist niður á fjölda íbúða eftir eignarhlut. Fasteignaeigendur eða húsfélög ákveða ílátaskemsetningu s.s. stærðir og fjölda íláta.
- **Sameiginleg ílát:** heimili innan sömu lóðar, til dæmis par- eða raðhús, geta óskað eftir að sameinast um ílát. Kostnaður deilist á milli heimilanna eftir stærð.
- Öll sorpílat eiga að vera staðsett á sama stað innan lóðar og á það einnig við þegar sameinast er um ílát.
- Þessi möguleiki verður innleiddur að vori 2025 og verður auglýstur sérstaklega.



Hvað breytist ? - Frístundahús og takmörkuð ívera

- Öll sumar- og frístundahús greiða fast gjald. Engin sorphirðupjónusta er við frístundahús utan sumarhúsahverfa.
- Sumar- og frístundahús í sumarhúsahverfum þar sem sorpgámum er komið fyrir greiða aukalega fyrir þá þjónustu.
- Frístundahús sem standa við söfnunarleið sorphirðubíls geta óskað eftir og greitt fyrir sorphirðupjónustu.
- Íbúðarhús í dreifbýli sem eru notuð eins og frístundahús (án búsetu) geta fengið sorphirðu niðurfellda og skilað ílátum.
- Þessi möguleiki verður innleiddur að vori 2025 og verður auglýstur sérstaklega.



Hvað breytist? - Heimajarðgerð

- Íbúar sem jarðgera matarleifar geta sótt um heimajarðgerð.
- Nauðsynlegt að sýna fram á að heimajarðgerð fari fram.
- Tunku undir matarleifar skilað og greitt árlegt umsýslugjald í stað tunnugjalds.
- Árlegt eftirlit verður með heimajarðgerð.
- Þessi möguleiki verður innleiddur að vori 2025 og verður auglýstur sérstaklega.



Hvað breytist? - Klippikort og söfnunarstöðvar

- Kubbur hefur tekið við rekstri söfnunarstöðva á Egilsstöðum og Seyðisfirði.
- Múlaþing rekur áfram söfnunarstöð á Djúpavogi.
- Notkun klippikorta verður hætt í vor og greiðslur teknar upp.
- Íbúar geta skilað keyptum klippikortum til sveitarfélagsins og fengið endurgreitt í hlutfalli við notkun korts.
- Klippikort sem fylgdu með fasteignagjöldum falla úr gildi.
- Áfram verður hægt að koma með fjölmarga úrgangsflokka á söfnunarstöðvar gjaldfrjálst.

Söfnunarstöðvar



Hvað breytist ? - Önnur gjöld

- **Umsýslugjald:**

greitt í hvert skipti sem óskað er eftir breytingum á skráningu íláta og árlega af þeim sem hafa fengið umsókn um heimajarðgerð samþykkt.

- **Útkeyrslugjald:**

greitt við afhendingu nýrra íláta á staðfang og ef skipt er á milli stærða.

- **Skrefa- og tröppugjald:**

greitt fyrir ílát sem eru fjær hirðubíl en 15 metra eða þarf að draga upp eða niður fleiri en 5 tröppur.

- **Tunnugjald:**

greitt ef ílát týnist eða skemmist af völdum íbúa, til dæmis vegna vanhirðu.


- **Flokkun og aðgengi:**

ef flokkun er ábótavant eða aðgengi að ílátum slæmt er sorphirðuverktaka heimilt að synja losun að undangenginni áminningu.



Hvers vegna eru sorpgjöld að hækka?


- Sorphirðugjöld í Múlaþingi hafa verið með þeim lægstu á landsvísu undanfarin ár og standa ekki undir raunkostnaði við veitta þjónustu.
- Sveitarfélögum er skylt að innheimta gjöld sem næst raunkostnaði vegna meðhöndlunar úrgangs og því nauðsynlegt að bregðast við.
- Reynt hefur verið að draga úr kostnaði til að lágmarka hækkanir s.s. með breyttum opnunartíma söfnunarstöðva og með því að draga úr sorphirðutíðni.
- Þrátt fyrir hækkanir þessa árs eru sorphirðugjöld í Múlaþingi undir landsmeðaltali slíkra gjalda á síðasta ári.




Kostnaðarþróun við meðhöndlun úrgangs

- Múlaþing hefur að meðaltali innheimt 63% raunkostnaðar undanfarin 5 ár.
- Frá 2020 hefur kostnaður aukist um 47%.
- Sveitarfélögum er skylt að innheimta gjöld sem næst raunkostnaði.

Tekjur og kostnaður við meðhöndlun úrgangs



Samanburður sveitarfélaga



Árin 2022 – 2024 eru skv. mælaborði fasteignagjalda hjá Bygðastofnun.

Lokaorð

- Meðhöndlun úrgangs og endurvinnsla eru í sífelldri þróun og verða áfram.
- Breytingar þessa árs verða innleiddar í vor.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélög á Austurlandi í bígerð.
- Markmið að veita góða þjónustu við meðhöndlun úrgangs og hámarka endurvinnslu með hagkvæmum hætti.
- Íbúum er þakkað fyrir polinmæðina í vetur og sömuleiðis beðnir afsökunar á þeim töfum sem urðu á sorphirðu.



Spurningar - Meðhöndlun úrgangs og kostnaður

- Hver er skýringin hækkunum sorphirðugjalda miðað við að þjónusta hefur verið minnkuð?
- Hver eru rökin fyrir því að heimili fái engin frí kg. til að henda auka sorpi miðað við allar hækkanir?
- Hvar eru grenndar- og söfnunarstöðvar og hvað kostar að reka þær á ári?
- Hvar geta íbúar losað sig við textíl?
- Getur sveitarfélagið stutt við rekstur nytjamarkaða t.d. á Djúpavogi?



Spurningar - Sorphirða í sveitum

- Plastúrgangur er hirtur sjaldnar en blandaður úrgangur en ílát eru í sömu stærð. Meira fellur til af plasti en blönduðum úrgangi. Verður brugðist við þessu?
- Víða er þegar farvegur fyrir matarleifar í sveitum t.d. hænur og húsdýr. Nú á að heimila heimajarðgerð en í staðinn kæmi árlegt umsýslugjald. Hvað á það að dekka?
- Athugasemdir gerðar við dagsetningar fyrir söfnun á heyrúlluplasti (apríl, ágúst og desember). Spurt hvort ekki mætti spara með því að fara færri ferðir á ári?



Spurningar – Sorphirða og ílát

- Hvað gerist ef rangt er flokkað í ílát við heimili og hvernig eru íbúar látnir vita?
- Verður seinna í boði að minnka tunnur fyrir pappír og plast?
- Verður matarleifum áfram ekið til Moltu ehf. Í Eyjafirði eða er stefnt að jarðgerð í heimabyggð?
- Má skoða að flytja blandaðan úrgang í urðun í Lóni í Svf. Hornafirði til að spara akstur?
- Ef tunnur eru ekki tæmdar á áætlun, hvað á maður að gera og hver verða viðbrögð Múlapings/Kubbs?
- Hvers vegna eru ekki kvaðir til íbúa varðandi frágang á sorptunnum?

